

Fimmtudaginn 5. febrúar 1998.

Nr. 60/1998.

Ríkislögreglustjóri

(Jón H. Snorrason saksóknari)

gegn

Jóhanni Stefánssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 30. janúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. febrúar sl. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 30. janúar 1998 um að banna varnaraðila brottför af landinu allt til þriðjudags 31. mars nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi, en til vara, að farbanni verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Varnaraðili hefur sætt takmörkunum á ferðafrelsi frá 10. október 1997 vegna rannsóknar afbrota, sem hann hefur játað að hafa framíð. Í upphafi var farbanni markaður tími til 19. desember 1997, en með dómi Hæstaréttar 2. janúar 1998 var varnaraðila áfram bönnuð brottför af landinu til föstudagsins 30. sama mánaðar. Í tengslum við kröfu um farbann í það sinn var lýst yfir því af hálfu sóknaraðila, að sú tímalengd væri við það miðuð, að hún nægði til að gefa út ákæru og jafnvel til að ljúka dómsmeðferð málsins. Ákæra í málinu hefur hins vegar ekki enn verið gefin út, án þess að sóknaraðili hafi gefið skýringar á þeim tölum, sem orðið hafa. Í beiðni sóknaraðila um farbann nú er tekið fram, að ákæra í málinu verði gefin út í lok febrúar.

Rannsókn málsins hefur samkvæmt þessu tafist, án þess að nokkur skýring hafi verið gefin á því. Þrátt fyrir það þykir ekki alveg næg ástæða til að hafna beiðni sóknaraðila, en í ljósi framangreindra at-

vika er rétt að marka farbanni ekki lengri tíma en til þriðjudags 10. mars 1998.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðila, Jóhanni Stefánssyni, er óheimil för úr landi allt til þriðjudags 10. mars 1998 kl. 16.
